

Akureyri, 3. desember 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd  
V.t. Hildur Njarðvík,  
nefndarritari  
Alþingi  
150 Reykjavík

### Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324. mál.

Með bréfi dags. 18. nóvember er óskað umsagnar embættisins um framangreint frumvarp og sér skattstjóri aðeins ástæðu til að fjalla í stuttu máli um eina grein frumvarpsins, þ.e. 8. gr., er varðar skatteftirlit.

Sé fyrst litið til stöðu og forsögu skatteftirlits þá er skattstjóri þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt ákvörðun, m.t.t. þeirra aðstæðna sem þá voru uppi, að flytja eftirlit landsbyggðarinnar frá 1. janúar 1997 í eina deild sem heyrir stjórnunarlega undir ríkisskattstjóra. Á þessum tíma var aðeins starfandi eftirlit á tveimur stöðum á landsbyggðinni, einn aðili á Vesturlandi og deild, sem var óðum að tæmast af mannskap, á Akureyri. Á N.I. eystra var þegar best lét starfandi 4 til 5 manna deild og var gengi hennar mest ungan af árinu 1995, en sérstakt átak var gert 1994 í að efla deildina. Það tókst aldrei að byggja upp varanlegan styrk og þekkingu þar sem þeir viðskipta- og lögfræðingar sem ráðnir voru til deildarinnar stoppuðu of stutt við, frá fjórum mánuðum upp í mest tvö ár. Seinni hluta ársins 1995 og fyrri hluta ársins 1996 hættu þeir viðskiptafræðingar sem lengst höfðu unnið við deildina og ekki tókst að ráða nema einn viðskiptafræðing í þeirra stað, en hann stoppaði stutt við og var yfirboðinn af verðbréfadeild banka. Þá voru aðeins eftir tveir menn, hvorugur með menntun á þessu sviði. Um mitt ár 1996 var ákveðið að gera tilraun með að sameina eftirlit landsbyggðarinnar í eina deild eins og áður sagði og var það gert frá ársbyrjun 1997. Á þessum tíma var mikil uppsveifla í íslensku atvinnulífi eftir talsverða stöðnun og á þessum tíma blómstruðu m.a. og byggðust upp fjölmörg verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir sem tóku til sín sérhæfðan mannskap.

Samstarfið við eftirlitsdeild ríkisskattstjóra hefur verið með ágætum að öðru leyti en því að mjög hefur dregið úr umfangi starfseminnar undanfarin ár og er staðan í dag sú að deildin er hvergi nærri í stakk búin til að sinna því hlutverki sem henni er ætlað og m.a. allt samtíma fyrirbyggjandi eftirlit verulega af skornum skammti.


Fullyrða má að aðstæður nú séu allt aðrar en var 1996 hvað varðar möguleika á að manna slíka deild hæfu starfsfólki. Það ríkir meira jafnvægi á vinnumarkaðinum, framboð rekstrarfræðinga og nú B.S. viðskiptafræðinga hefur stór aukist og stutt í að við fáum B.A. lögfræðinga út á markaðinn.

Skattstjóri telur að flutningur skatteftirlitsins út á land með einhverju móti myndi styrka eftirlitið, ekki síst samtímaeftirlit og jafnframt þjóna því yfirlýsta markmiði stjórnvalda að efla starfsemi á landsbyggðinni. Skattstjóri leggur hins vegar ríka áherslu á, að til þess að eftirlitsdeildirnar nái að verða öflugar og skilvirkar, verða þær að ná ákveðinni stærð, lágmark að hans mati er 6 til 7

manna deild. Jafnframt þyrfti að efla eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra þannig að hún gæti stutt faglega við bakið á þessum deildum, gert samræmdar áætlanir og annast samræmingu í eftirlitsaðgerðum og jafnframt að ríkisskattstjóri myndi hafa eftirlit með stórfyrirtækjum.

Skattstjóri er meðmæltur þeirri breytingu sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins en leggur enn og aftur ríka áherslu á, að til þess að eftirlitsdeildirnar nái að verða öflugar og skilvirkar verða þær að ná ákveðinni stærð.

Virðingarfyllst,

  
Gunnar Karlsson,  
skattstjóri

